

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

1. fundur nýkjörinnar stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 24. nóv. 1995.

Formaður Guðmundur Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega þá sem koma nýir inn í aðal- og varastjórn.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Bárðarson, Ágúst Oddsson, Marteinn Valdimarsson, Birgir Rafn Gunnarsson, Haraldur Þórarinsson, Sigurður Þórhallsson og Kristmundur Halldórsson sem kom síðar á fundinn.

Jón Bergsson boðaði forföll vegna veikinda. Guðlaug Hermannsdóttir boðaði forföll.

1. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Guðmundur Jónsson var kosinn formaður á ársþinginu á s.l. ári til tveggja ára. Guðbrandur Kjartansson var kosinn varaformaður á þinginu nú (1995) til tveggja ára. Stjórnin ákvað að Halldór Gunnarsson verði ritari L.H. áfram og gjaldkeri verði Sigurgeir Bárðarson.

Aðalstjórn L.H. er nú þannig skipuð:

Guðmundur Jónsson ,	formaður
Guðbrandur Kjartansson,	varaformaður.
Halldór Gunnarsson,	ritari
Sigurgeir Bárðarson	gjaldkeri
Sigbjörn Björnsson	meðstjórnandi
Kristmundur Halldórsson	"
Jón Bergsson	"

Varamenn eru:

Ágúst Oddsson,
Marteinn Valdimarsson
Guðlaug Hermannsdóttir
Birgir Rafn Gunnarsson
Haraldur Þórarinsson

2. Samráðsfundur fagráðs í hrossarækt og aðalfundur Félags hrossabænda.

Formaður gerði grein fyrir því að hann sat nýlega two fundi.

- Aðalfundur Félags hrossabænda.
- Samráðsfundur fagráðs í hrossarækt.

Stuttar fyrirspurnir og umræður urðu um þessi mál og svaraði Guðmundur þeim.

3. Farið yfir ályktanir 46. ársþings.

Formaður gerði grein fyrir ályktunum og tillögum sem samþykktar voru á ársþinginu í Garðabæ 27. og 28. október s.l.

Umræður urðu tölverðar um nokkrar af þessum samþykktum þingsins.

Pessar tillögur voru sérstaklega ræddar:

Þingskjal nr. 5

- fjallar um landsmót - stefnumótun til framtíðar.

Stjórnin gerir athugasemd við tímasetningu á skilum tillagna væntanlegrar mótanefndar á þeirri vinnu sem fyrir liggur. Í tillögunni frá ársþingi L.H. segir að skil eigi að gera á ársþingi 1997 en á að vera 1996. Framkvæmdastjóra L.H. falið að senda út frá skrifstofunni allar tillögur og samþykktir sem beint er til aðila utan L.H. svo sem Bændasamtaka Íslands, yfirdýralæknis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alþingis o.fl. aðila í þjóðfélaginu.

Nokkrar umræður fóru fram um þingskjal nr. 10, er varðar reiðvegamál og skyld málezni. Þá ræddi stjórnin nokkuð um sameiningu L.H. og HÍS en þingið samþykkti tillögu þess efnis að skipa nefnd til að finna leiðir til að mynda ein samtök hestamanna í landinu. Ársþingið í Garðabæ kaus þrjá menn í sameiginlega nefnd ásamt fulltrúum frá HÍS. Fulltrúar L.H. í nefndinni eru: Haraldur Þórarinsson, Sigfús Helgason og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

Ársþingið í Garðaskóla í Garðabæ tókst í flesta staði vel. Þingið var starfsamt og mótaði stefnu í veigamíklum málum. Þinggerðin er að verða tilbúin og verður send út bráðlega.

4. Skipað í starfsnefndir L.H.

Formaður hóf umræður um nefndarskipun til næsta ársþings (1996). Eins og kunnugt er starfa nokkrar nefndir á milli þinga. Skipanir í nefndir eru eftirfarandi:

Keppnisnefnd:

Ragnar Petersen, Þorvaldur Ágústsson, Águst Oddsson, Atli Guðmundsson, Sigurður Ævarsson, Guðni Jónsson.

Varamenn: Brynjólfur Sandholt og Sigurður Sæmundsson.

Stjórnin fjallaði nokkuð um málezni tengd keppnisnefnd svo sem járningar, fótabúnað o.fl. Stjórnin ákvað að Águst Oddsson verði formaður keppnisnefndar.

Mótanefnd L.H.:

Sigbjörn Björnsson formaður, Halldór Gunnarsson, Elísabet Þ Þórólfssdóttir, Sigfús Guðmundsson og Viðar Halldórsson.

Ferða- og umhverfisnefnd L.H.:

Kristmundur Halldórsson formaður, Þórður Ólafsson, Ottar Kjartansson, Guðrún Fjeldsted og Einar Bollason.

Varamaður: Jóhannes Sigmundsson.

Reiðveganefnd L.H.:

Sigurgeir Bárðarson formaður, Jón Bergsson og Birgir R Gunnarsson.

Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS:

Nefndarskipun frestað.

Lyfjaeftirlitsnefnd L.H. og HÍS:

Stjórnin tilnefnir í nefndina:

Guðbrand Kjartansson formann. Að öðru leyti var frestað skipun í nefndina.

Skógarhólanefnd L.H.:

Gunnar B Gunnarsson, Hreinn Ólafsson og Guðmundur Einarsson.

Sigurður Þórhallsson greindi frá ýmsu varðandi Skógarhóla, bæði ástand nú og framtíðarhorfur hvað varðar uppbyggingu og rekstur. Inn í umfjöllun um Skógarhóla spannst umræða um ferðamannaþjónustu á Nesjavöllum sem hestamenn nota í auknum mæli. Áríðandi er að gera kostnaðaráætlun um þær úrbætur sem Skógarhólar þarfnaðast. Nefndin hefur það verkefni með höndum. Eðlilegt er að rekstur Skógarhóla standi undir sér.

Agadómstóll L.H.:

Stjórnin tilnefnir í agadómstólinn:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þór Sigþórsson og Birgi Rafn Gunnarsson.

Nokkur umræða varð um störf dómara og agamál almennt á mótum. Reglur er varða þessi mál þyrftu að vera skýrari. Agadómstóllinn fékk ekkert mál til meðferðar á síðasta ári.

5. Framvinda mála v. undirbúnings LM'98.

Formaður greindi frá nýgerðum samningi L.H. og eigenda Melgerðismela s.f. vegna LM'98. Á stjórnarfundi 27. okt. s.l. voru gerðar tvær athugasemdir við þau samningsdrög sem lágu fyrir. Formaður mun gera grein fyrir þessu við eyfirsku félögin og leiða málið til lykta. Þá liggur fyrir að stjórn L.H. mun koma á fyrsta fundi með norðlensku félögunum fljótlega á nýju ári þar sem fyrir liggur hvaða félög verða rekstraraðilar mótsins. Jafnframt þarf að skipa í framkvæmdanefnd mótsins.

6. Umræða um reiðvegamál og tengd verkefni.

Formaður reifaði þessi mál á breiðum grundvelli. L.H. þarf að fylgja eftir nýsamþykktum vegalögum þar sem kveðið er á um reiðvegagerð meðfram stofnbrautum. Í umræðum kom fram að efla þarf trúnaðarmannakerfi L.H. úti um land en þeir eru tengiliðir stjórnar L.H. og félaganna við Vegagerðina hver í sínu kjördæmi. Ákveðið er að fulltrúar stjórnar L.H. gangi á fund vegamálastjóra og ræði úrbætur í reiðvegagerð. Þá var rætt um nauðsyn þess að félögin hvert í sínu kjördæmi myndi reiðveganefnd/nefndir til að taka á þessum málum líkt og félögin í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum hafa gert.

7. Önnur mál.

a) Bréf frá Hendingu á Ísafirði til L.H.

Formaður las bréf dags. 21.10. s.l. þar sem fram kemur að þeir eiga mjög í vökk að verjast varðandi sína starfsemi. Þar eiga þeir í miklum samstarfsörðugleikum gagnvart bæjarféluginu og virðast mæta þar litlum eða engum skilningi. Máli sínu til frekari sönnunar senda þeir

ítarleg plögg og skýrslur. Þar kemur m.a. fram að félagið er staðsett á "rauðu" snjóflóðasvæði og hafa þeir ekki fengið neitt annað svæði til umráða.

Ýmislegt er þarna fleira að og víast í meðfylgjandi bréf. Formaður ætlar að hafa samband við þá vestra og setja sig betur inn í málin og á hvern hátt við getum aðstoðað þá.

Málið er alvarlegt og hugur hestamanna þarna vestra er dvínandi og uppgjafar gætir. Stjórnin felur formanni að bregðast hart og fljótt við í þessu máli til aðstoðar félögum okkar í Hendingu.

- b) Sigurður Þórhallsson mætti á fund hjá Umferðarráði 15. nóv. s.l. Fundurinn var gagnlegur og til þess ætlaður að bæta umferðarmenningu bæði akandi og ríðandi umferðar og til að forða slysum.
- c) Töluverðar umræður urðu um þingskjal nr. 3 frá ársþinginu í okt. s.l. Sérstaklega um þá sérbókun varðandi niðurskurð í næstu fjárhags-áætlun. Stjórnin lítur þessa bókun hornauga og finnst hún í hæsta máta ósanngjörn og sett fram af vanþekkingu. Vilji menn hins vegar stíga stórt skref aftur á bak varðandi störf og stjórnun L.H. getur svo orðið ef svo heldur sem horfir. Þetta verður rætt nánar síðar og hvernig stjórnin muni bregðast við þessari samþykkt þingsins.
- d) Guðbrandur greindi frá málefnum vegna lyfjaprófa. Stjórnin samþykkir að taka 8 - 10 lyfjapróf á árinu 1995-1996.
- e) Ingibjörg Magnúsdóttir sem er í hálfu starfi á skrifstofu L.H. vinnur með því skrifstofuvinnu fyrir Félag Tamningamanna samkvæmt reikningi.
Formaður og gjaldkeri munu ganga formlega frá þessari vinnu Ingibjargar við félagið.
- f) Formaður og framkvæmdastjóri L.H. greindu frá Uppskeruhátíð hestamanna sem haldin var 17. nóv. s.l.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 20:20.

Halldór Gunnarsson
Guðbrandur Kjartansson
Birgir Rafn Gunnarsson
Marteinn Valdimarsson
Sigurgeir Bárðarson

Guðmundur Jónsson
Sigbjörn Björnsson
Haraldur Pórarinsson
Ágúst Oddsson